# Ársskýrsla 2015

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports






# blátt hús við höfnina

höfnin var umgjörð
um eitthvað um lífið
þegar ég var strákur
og seldi köllum í bátum
og verbúðum Vísi
með nýjustu fréttir
af skreiðarsvindli
og leigubílstjóramorði
sem skók þjóðina
og svaninn sem pabbi
sigldi á um höfin blá
í miklu meira en sautján ár

og þeir sögðu hinir að hann
hann pabbi minn heillaði
þær allar svona tannlaus
það fannst mér þó skrítið

og ljósmyndin af bátnum
í hliði hafnarinnar
var gerólík þeirri sem
við pabbi teiknuðum
eftir hans minni
löngu áður en brestandi
bóman á Reykjaborginni
hífði honum
hans mikla heilsubrest

sem myndgerðist fyrir augum mér
þegar heiðbláa húsið er brotið
í mauk og ekki stendur
eftir steinn

Garðar Baldvinsson



# Frá stjórnarformanni



Það er ávallt verkefni hafnarstjórna að rýna í framtíðina og móta þá sýn sem tryggir góðan og traustan rekstur í sátt við umhverfið og þegar litið er yfir árið 2015 þá er það stefnumótun til framtíðar sem stendur upp úr.

Innan Faxaflóahafna sf. hafa hafnarsvæðin hver sín einkenni. Gamla höfnin er lifandi atvinnuhöfn með fjölbreytta starfsemi svo sem útgerð og fiskvinnslu, ferðaþjónustu, skipaþjónustu og menningarstarfsemi. Sundahöfn er megingátt flutninga til og frá landinu, á Grundartanga iðnaðarstarfsemi. Á Akranesi er smábátaútgerð, fiskvinnsla, mjölvinnsla og aðstaða fyrir uppsjávaflota HB Granda. Stjórn Faxaflóahafna samþykkti á árinu 2015 að unnin yrði grunnur að aðalskipulagi svæðanna og mótuð framtíðarstefna hvers hafnarsvæðis.

Umhverfis- og öryggismál eru nátengd og einn mikilvægasti þátturinn í umgjörð Faxaflóahafna sf. Umhverfismálin hafa verið í forgrunni síðustu ár og munu þau halda áfram að skipa stóran sess í stefnumótun og starfsemi Faxaflóahafna. Faxaflóahafnir starfa samkvæmt samþykktri umhverfisstefnu og hefur grænt bókhald verið haldið um starfsemina frá árinu 2006. Árið 2015 var ákveðið að stíga það skref að fá vottun á umhverfis- og öryggismál fyrirtæksins og stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki á haustdögum 2016.

Öryggismál og aðgengi að hafnarsvæðum eru einnig nátengd verkefni. Hafnarsvæðin eru atvinnusvæði sem umgangast ber með aðgát. Hafnarsvæðin hafa í eðli sínu einnig mikið aðdráttarafl og hefur fjölgun gesta og gangandi verið vel merkjanleg á síðustu árum. Til þess að bæta öryggi og leitast við að að tryggja jafnt aðgengi fyrir alla var fyrirtækið Aðgengi fengið til að gera úttekt á Gömlu höfninni og hefur fyrirtækið skilað skýrslu til Faxaflóahafna og verður nú unnið að þeim úrbótum sem bent er á. Með markvissum úrbótum verður hafnarsvæðið gert öruggara og aðgengilegra fyrir alla til að njóta samvista við hafnarlífið.

Aftur að umhverfismálum. Stjórn Faxaflóahafna samþykkti á árinu að öll skip sem geta tengst landrafmagni skuli nýta þá þjónustu og samhliða var ákveðið að fara í að styrkja rafdreifikerfin á hafnarsvæðunum þannig að unnt verði að sinna þeirri þjónustu án undantekninga. Skoðaðir voru möguleikar á því að tengja stærri skip á borð við skemmtiferðaskip landrafmagni, kostnaður þar er mikill og samhliða uppbyggingu innviða meiri heldur en rúmast innan starfsemi Faxaflóahafna, en það er mikilvægt að setja stefnuna og er næsta mál að leita eftir samstarfi við ríkið og aðra viðeigandi aðila um stefnumótun í háspennutengingum.

Ferðaþjónustan hefur vaxið hratt og er nú ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar. Faxaflóahafnir hafa ekki farið varhluta af fjölgun ferðamanna, sem m.a. koma hingað til lands með skemmtiferðaskipum og svo þeir ferðamenn sem sækja í hvalaskoðun og aðra hafsækna ferðaþjónustu. Fjölgun hefur orðið í komum skemmtiferðaskipa og er það einnig vaxandi að skemmtiferðaskip hafi hér farþegaskipti. Fyrsta skipið sem hefur Reykjavíkurhöfn sem heimahöfn hóf jafnframt siglingar árið 2015. Mikil aukning hefur orðið í hafnsækinni afþreyingu fyrir ferðamenn og hefur verið merkjanlegur vöxtur í siglingum með ferðamenn utan háannatíma. Stjórn Faxaflóahafna ákvað haustið 2015 að hefja töku komugjalda á farþega skemmtiferðaskipa sem og farþegagjalda vegna afþreyingarsiglinga frá og með janúar 2018. Samhliða hefur verið sett af stað vinna við að rýna Gömlu höfnina með það að markmiði að byggja upp góða aðstöðu og innviði til að þjóna þeim fjölda ferðamanna sem hefur viðkomu í höfninni. Stefnt er að því að leggja fram drög að uppbyggingu á árinu 2016.

Á grundvelli þeirra markmiða sem eigendur og stjórn fyrirtækisins hafa sett sér er margt spennandi framundan, sem mun verða eigendum og íbúum við hafnarsvæðin til sóma.

*Kristín Soffía Jónsdóttir*
*formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.*



# Ávarp hafnarstjóra



Fyrir eitt hundrað árum var voru hafnarframkvæmdir við Gömlu höfnina í Reykjavík komnar vel á veg og eitt ár í að framkvæmdum sem þá hafði verið samið um lyki. Framkvæmdin markaði tímamót í þróun og sögu Reykjavíkur. Síðan þá hefur hafnarstarfsemi í Reykjavík þróast og dafnað og með tilkomu Faxaflóahafna sf. árið 2005 hófst nýr þróunarkafli í hafnarmálum við Faxaflóa. Kjarnastarfsemin hefur alltaf verið sú sama: Að skapa hafnaraðstöðu fyrir útgerðir og fiskvinnslu, að skapa örugga aðstöðu til flutninga til og frá landinu og trygga viðlegu skipa. Sú aðstaða sem byggð hefur verið og þróast á liðnum hundrað árum hefur svo sannarlega þjónað hlutverki sínu með sóma og enn er útgerð og fiskvinnsla mikilvægur þáttur atvinnu- og athafnalífs á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. Sundahöfn er megingátt flutninga til og frá Íslandi. Til hliðar við þessa kjarnastarfsemi hefur vaxið ýmis konar starfsemi tengd hafnaraðstöðunni, svo sem hafsækin ferðaþjónusta, skipaviðgerðir, klasi fyrirtækja sem vinna að þróun verkefna sem tengjast útgerð og fiski og fleiri fyrirtæki sem njóta góðs af aðstöðu á hafnarsvæðunum. Ekki má í þessu sambandi gleyma menningunni sem blómstrar á hafnarsvæðunum bæði hinni klassísku menningu sem þrífst í Sjóminjasafninu, Hörpu og fleiri húsum og svo alþýðumenningunni sem alla tíð hefur fylgt starfsemi hafna og vex með bættu aðgengi almennings. Allt birtist þetta svo í fjölskrúðugum kokteil atvinnulífs og mannlífs, sem skapar hið klassíska hafnarlíf, sem mikilsvert er að halda í og þróa.

Hafnir og hafnarsvæði eru vettvangur tækifæra. Sum tækifærin eru áhugaverð og góð viðbót við hina hefðbundnu starfsemi, en önnur tækifæri síðri og því þarf að hafa sýn og kjark til velja og hafna. Þróun skipulags og landnýtingar Faxaflóahafna sf. þarf á öllum tímum að leggja til grundvallar þá hagsmuni sem felast í öflugum hafnarsvæðum. Hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. hafa verið í sífelldri þróun og verða það áfram á komandi árum. Þess vegna er mikilvægt að stíga skrefin að vel athuguðu máli og öryggi þannig að ákvarðanir dagsins í dag verði farsælar þegar til framtíðar er litið. Með stofnun Faxaflóahafna sf. var hafnarstarfsemi fjögurra líflegra hafnarsvæða sett undir einn hatt, en byggt á áratuga starfsemi hafnanna. Sameining þessara hafna hefur sýnt sig að vera skynsamleg enda hafa skýrum leiðarljósum um uppbyggingu og þróun verið fylgt. Á grunni öflugra hafnarsvæða, sem er veigamikill hluti samgöngukerfis þjóðarinnar, er stoðum skotið undir öfluga byggð.

*Gísli Gíslason,*
*hafnarstjóri*

# Skýrsla stjórnar Faxaflóahafna sf. og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 25. maí 2016

## Inngangur

Afkoma Faxaflóahafna sf. var á árinu 2015 betri en lagt var upp með í fjárhagsáætlun ársins. Tekjur voru umfram áætlun og rekstur innan marka fjárhagsáætlunar. Fjárhagsstaða fyrirtækisins er áfram sterk, en stór verkefni framundan á öllum hafnarsvæðum fyrirtækisins. Hagfelld efnahagsþróun, lágar langtímaskuldir og stöðugt verðlag hafa styrkt fjárhagsstöðu fyrirtækisins, sem er þannig sjálfbært um nauðsynlegar framkvæmdir og endurbætur, sem eru forsenda öflugra atvinnulífs á starfssvæði fyrirtækisins.

**Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra voru í lok desember 2015 eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 75,5551% |
| Akraneskaupstaður | 10,7793% |
| Hvalfjarðarsveit | 9,3084% |
| Borgarbyggð | 4,1356% |
| Skorradalshreppur | 0,2216% |

## Stjórn fyrirtækisins

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 29. maí 2015 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins:

**Frá Reykjavíkurborg:**

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Kristín Soffía Jónsdóttir, *formaður* |
| | S. Björn Blöndal, *varaformaður* |
| | Líf Magneudóttir |
| | Þórlaug Ágústsdóttir |
| | Júlíus Vífill Ingvarsson |
| Varamenn: | Gunnar Alexander Ólafsson |
| | Elín Oddný Sigurðardóttir |
| | Elsa Hrafnhildur Yeoman |
| | Eva Lind Þuríðardóttir |
| | Hildur Sverrisdóttir |

**Frá Akraneskaupstað:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Ólafur Adolfsson |
| Varamaður: | Einar Brandsson |
| Áheyrnarfulltrúi: | Ingibjörg Valdimarsdóttir |

**Frá Hvalfjarðarsveit:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Björgvin Helgason |
| Varamaður: | Arnheiður Hjörleifsdóttir |

**Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Jónína Erna Arnardóttir |
| Varamaður: | Helgi Haukur Hauksson |

**Áheyrnarfulltrúi starfsmanna kosinn af starfsfólki:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Ragnar Eggertsson |
| Varamaður: | Gunnar Sæþórsson |

# Afkoma ársins 2015

Afkoma ársins 2015 var vel viðunandi og reyndar betri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Tekjur voru 277,0 mkr. umfram áætlun en rekstrarútgjöld undir áætlun. Þá voru fjármagnsliðir undir fjárhagsáætlun enda þróun flutninga og verðlags hagstæðri en oftast áður. Hagnaður ársins 2015 varð meiri en áætlað hafði verið, en taka verður þó tillit til þess að 346,3 mkr. voru tekjufærðar á árinu vegna sölu á landi í Geldinganesi, Gufunesi og Eiðsvík til Reykjavíkurborgar.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2015 voru tæpir 3,2 Ma.kr. sem er 5,8% hækkun reglulegra tekna á milli áranna 2014 og 2015. Hækkunin á milli ára (án söluhagnaðar eigna) nemur 172,8 mkr. Þetta árið reyndust allir tekjuliðir ársins yfir því sem áætlað var, nema skipagjöld sem voru nánast á áætlun. Hækkun vörugjalda er um 11% á milli ára og skýrist af auknum innflutningi og auknu magni varnings sem fer í hæsta gjaldflokk. Tekjuauki af vörugjöldum skilaði hlutfallslega samsvarandi hækkun tekna af siglingavernd. Þá voru tekjur af aflagjöldum nokkru meiri en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun, sem skýrist helst af hærra afurðaverði, en í magni er ekki um að ræða aukningu á lönduðum afla. Þá voru eignatekjur og tekjur af hafnarþjónustu umfram áætlun.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2015 voru 2,5 Ma.kr. og hækka að krónutölu á milli ára um 144,3 mkr. eða um 6,0%, en meginskýring þess liggur í hækkun launakostnaðar vegna kjarasamninga. Rekstrargjöld voru hins vegar 67,1 mkr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 2,6%. Hagnaður fyrir fjármagnsliði var 619,4 mkr., en 964,0 mkr. að teknu tilliti til fjármagnsliða og hagnaðar vegna sölu á landi til Reykjavíkurborgar.

Fastafjármunir voru í árslok 11,8 Ma.kr. og eru nánast óbreyttir á milli ára. Langtímakröfur hækka allnokkuð á milli ára vegna úthlutunar lóða, en hluti lóðarverðs er greiddur með skuldabréfi. Veltufjármunir hækka á milli ára um 644,8 mkr. Eignir voru í árslok samtals 13,9 Ma.kr. og aukast um 5,5% á milli ára.

Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 881,6 mkr. og lækka um 77,2 mkr. Skammtímaskuldir eru nánast óbreyttar á milli ára og nema þær um áramót um 14,5% af heildartekjum, en á móti kemur að veltufjármunir til að mæta skammtímaskuldum eru um 2,2 Ma. kr. og því talsvert hærri en skammtímaskuldir. Skuldir alls voru í árslok 1,3 Ma.kr. en voru í árslok 2014 tæplega 1,4 Ma.kr. Lækkun á milli ára er 65,5 mkr.

# Fjárfestingar og framkvæmdir á árinu 2015

Skipting fjárfestinga eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi:

| | Fjárhæð | Skipting |
|---|---|---|
| Gamla höfnin | 127,9 | 13,7% |
| Sundahöfn | 397,9 | 42,7% |
| Grundartangi | 331,4 | 35,6% |
| Akranes og Borgarnes | 49,7 | 5,3% |
| Tæki og búnaður | 24,8 | 2,7% |
| **Alls** | **931,8** | **100,0%** |

*Millj.kr.*

**Í Gömlu höfninni í Reykjavík** var sett niður ný flotbryggja í Vesturbugt. Lokið var frágangi húsnæðis í Bakkaskemmu fyrir Sjávarklasann og gengið frá umhverfi húss og götu.

**Í Sundahöfn** var unnið að undirbúningi nýs hafnarbakka utan Klepps. Meginþungi verkefnisins fellur til á árunum 2016 til 2018. Reiknað hafði verið með að framkvæmdir við verkefnið gengju hraðar á árinu 2015, en hluti verkefnanna flyst yfir á árið 2016. Unnið var að lagningu rafdreifikerfis í Skarfabakka og settar niður stormbindingar fyrir stærri skip. Þá var lögð ný gata inn á þróunarsvæðið utan Klepps.

**Á Grundartanga** var unnið að lokaframkvæmdum við lengingu Tangabakka, en því verkefni lýkur formlega á árinu 2016. Slitlag var endurnýjað á hluta Tangabakka og unnið að þróun lóða. Ráðgert var að fara í framkvæmdir við vegagerð



*Reykjavíkurhöfn.*



*Sundahöfn.*

vegna lóðar Silicor, en framkvæmdir bíða endanlegrar fjármögnunar verkefnisins og fleiri atriða.

**Á Akranesi** var keypt ný flotbryggja, sem ætlað er að þjóna ferðaþjónustubátum.

**Í Borgarnesi** var unnið að hreinsun viðlegu og keypt flotbryggja til niðursetningar á árinu 2016.



*Akranes.*



*Borgarnes.*



*Grundartangi.*

# Skipulags- og lóðamál

Í Sundahöfn var lóðinni Korngarðar 3 úthlutað undir vöruhús og kæligeymslu og við Kjalarvog var lokið skipulagsvinnu vegna úthlutunar lóðar undir vöruhús. Nú hefur öllum skipulögðum lóðum á Sundahafnarsvæðinu verið úthlutað, en svæðið utan Klepps bíður deiliskipulagningar. Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkti að hefja vinnu við það svæði og framtíðarsýn um þarfir fyrirtækisins á öðrum hafnarsvæðum á komandi árum. Auk skipafélaganna, Samskipa hf. og Eimskipa hf. hafa nokkrir aðilar sótt um lóð á því svæði, sem er um tíu hektarar að stærð. Sú kvöð er á svæðinu að fyrirhuguð lega Sundabrautar liggur þvert yfir það með um fjögurra hektara helgunarsvæði. Ef ekki verður tekin ákvörðun um lagningu Sundabrautar innan fyrirsjáanlegs tíma þá takmarkar það endanlegt skipulag svæðisins.

Í Gömlu höfninni var samþykkt heildardeiliskipulag fyrir Örfirisey og Vesturhöfnina. Í því felst aðallega að sameinað var deiliskipulag margra reita á svæðinu í eitt heildarskipulag. Á Grundartanga tóku gildi breytingar á aðal- og deiliskipulagi í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu Silicor Materials á sólarkísilverksmiðju. Samhliða skipulagsvinnunni var gerð rannsókn á þeim fornleifapunktum á landi Kataness, sem nauðsynlegt var að skoða, en niðurstaða rannsókna leiddi ekki í ljós nein forn mannvirki sem tálma framkvæmdum á lóðinni ef og þegar verkefni Silicor fer af stað.

Á Akranesi var hafin skoðun á stækkun lands vegna áforma HB Granda hf. um uppbyggingu í Akraneshöfn. Áform HB Granda hf. lúta að endurskipulagningu á starfsemi fyrirtækisins á Akranesi m.a. með byggingu uppsjávarfrystihúss, fiskvinnsluhúss og kæligeymslu. HB Grandi hf. hóf einnig framkvæmdir við byggingu þjónustuhúss og sorpmóttöku á Norðurgarði í Reykjavík.

Málefni Björgunar ehf. voru enn sem fyrr til umfjöllunar. Í árslok 2014 var ákveðið að senda fyrirtækinu formlega uppsögn á afnotum lóðar í Sævarhöfða með þeim skilmála að starfsemi þar verði hætt í lok árs 2016 og svæðinu þá skilað til Faxaflóahafna sf. Enn er leitað samkomulags í málinu og áfram verður reynt að ljúka málinu í sátt áður en þau tímamörk renna upp sem tilkynnt hafa verið.

# Umhverfismál

Faxaflóahafnir sf. hafa á liðnum árum unnið að ýmsum umhverfisverkefnum, enda eru fjölmargir þættir umhverfismála sem snerta hafnarrekstur og uppbyggingu hafnarsvæða. Grænt bókhald var tekið upp árið 2006, samþykkt hefur verið umhverfisstefna, gerðar hafa verið mælingar á sjávargæðum og unnin skýrsla um umhverfismál á Grundartanga svo dæmi séu nefnd. Ný löggjöf herðir upplýsingagjöf um móttöku á sorpi og ár hvert er unnið að frágangi svæða þannig að þau uppfylli væntingar um gott útlit og umhirðu. Hafinn er



undirbúningur að vinnu við umhverfis- og öryggisvottun Faxaflóahafna sf. Efnið sem þar á heima er víðfeðmt en upplýsingar um flesta þætti liggja fyrir og stefnt að verklokum þegar líður á árið 2016.

Í september samþykkti stjórn Faxaflóahafna sf. að öll skip sem tengst gætu landrafmagni yrðu að tengjast. Samhliða þessu hefur verið unnið að því að styrkja rafdreifikerfi hafnarinnar þannig að unnt verði að þjóna þeim skipum sem mögulegt er að tengja rafmagni.

Faxaflóahafnir sf. hafa á síðustu árum lagt áherslu á umhverfis- og öryggismál, en í báðum málaflokkum verður sífellt verk að vinna, en metnaður fyrir hendi til þess að standast bestu viðmið sem sett eru í þessum málum.

Á síðustu árum hafa sjávargæði verið mæld og útkoma þeirra mælinga almennt vel ásættanleg. Þá hafa verið unnar mælingar á hljóðvist í Reykjavík og á Grundartanga og að auki ljósmælingar á Grundartanga. Að auki hafa umhverfismál á Grundartanga verið í brennidepli og ýmis atriði þar sem unnið er að. Meðal annars hefur verið unnið að eftirfarandi verkefnum á Grundartanga og fyrirhugað að ræða um önnur:

1. Jafnt og þétt hefur verið unnið að umhverfisbótum á Grundartanga samhliða vega- og lóðagerð. Lagaðar hafa verið gangstéttir, gróður settur í opin svæði og jarðvegsmanir, skurðir við Katanestjörn fylltir þannig að Katanestjörnin hefur nú verið endurheimt, sem leiðir til aukinnar kolefnisbindingar. Á árinu er gert ráð fyrir nokkrum verkefnum við lagningu göngustíga og gangstétta.

2. Umhverfis fyrirhugaða lóð Silicor er gert ráð fyrir jarðvegsmönum og gróðri, en ætlun er, fari framkvæmdir af stað, að nýta að mestu efni úr lóð fyrirtækisins í umhverfisfrágang og jarðvegsmanir.

3. Með samkomulagi Faxaflóahafna sf. og Hvalfjarðarsveitar frá 6. maí 2015 var ákveðið að leggja í auknum mæli grænar áherslur á þróun Grundartanga og m.a. vinna að eftirfarandi: „Aðilar eru jafnframt sammála um að auka samstarf við þau fyrirtæki, sem þegar starfa á Grundartanga, í því skyni að ná enn frekari árangri í umhverfismálum. Aðilar eru sammála um að móta stefnu um æskilega nýja starfsemi á svæðinu þar sem umhverfissjónarmið verði höfð að leiðarljósi.
    a. Að ný fyrirtæki á iðnaðarlóðum skili til Faxaflóahafna sf., Hvalfjarðarsveitar og Skipulagsstofnunar umhverfisskýrslu, þar sem fyrirhugaðri starfsemi er ítarlega lýst. Á grundvelli þeirrar skýrslu taki Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit sameiginlega ákvörðun um hvort til úthlutun lóðar komi.
    b. Að Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit eigi með sér formlega samráðsfundi um umhverfismál á Grundartanga og miðlun upplýsinga um þá aðila sem áhuga hafa á úthlutun lóða á svæðinu."

   Undirbúningur þessarar vinnu er hafinn og beðið tillagna Stefáns Gíslasonar, umhverfisstjórnunarfræðings, um efnistök frekari vinnu og stefnumótunar.

4. Faxaflóahafnir sf. hafa undirbúið úttekt á skógrækt á Grundartanga en um 36 hektara asparskógur var gróðursettur á Grundartanga á árum áður. Mikilvægt er nú að meta þörf á grisjun, aðferðafræði við grisjun og tilfærslu




trjáa og fleira. Ráðgert er að vinna þessa verkefnis fari af stað á vormánuðum og taki um 12 mánuði.

5. Af hálfu Elkem Ísland ehf. og Silicor hefur þeirri hugmynd verið hreyft að ráðist verði í verulega skógrækt á Grundartanga. Hugmyndin felst í samstarfi þessara fyrirtækja, Hvalfjarðarsveitar, Kolviðs, Festu og Faxaflóahafna sf. Af hálfu Faxaflóahafna sf. hefur verið lýst yfir vilja til þátttöku að því gefnu að Hvalfjarðarsveit heimili áform í þessa átt og sé reiðubúin til samstarfs.

6. Af hálfu Norðuráls ehf. og Elkem Ísland ehf. hefur þeirri hugmynd verið hreyft að nálgast umhverfisvöktun fyrirtækjanna á annan hátt en nú er gert. Þekkt er að samkvæmt starfsleyfi eru fyrirtækin ábyrg fyrir vöktuninni, sinna hluta mælinga sjálf, en fá viðurkennda rannsóknaraðila að öðrum mælingum. Í skýrslu Faxaflóahafna sf. frá árinu 2013 kemur fram að mælingarnar séu áreiðanlegar, en í umræðu um þær hefur annars vegar verið gagnrýnt að fyrirtækin sjálf séu ábyrg fyrir mælingunum og að e.t.v. þurfi að mæla á öðrum stöðum eða önnur atriði en gert er í dag skv. áætluninni.

   Þeirri hugmynd hefur sem sagt verið hreyft að fá fleiri aðila að umræðu og ákvarðanatöku um hvað skuli mæla, hvar skuli mæla og hverjum skuli fela framkvæmd mælinga. Sú nálgun mun þó engu breyta ákvæðum laga og starfsleyfa að fyrirtækin verða áfram ábyrg fyrir mælingunum, en rætt hefur verið við Umhverfisstofnun að breyting verði gerð á kynningu á niðurstöðum, þannig að stofnunin komi þar meira að málum en tíðkast hefur. Engin ákvörðun hefur verið tekin um þessi atriði en ljóst að vilji er til breytinga á vinnulagi í því skyni að auka traust á þeim mælingum sem nauðsynlegt er að gera.

7. Við lengingu Tangabakka, 3. áfanga sem er um það bil að ljúka, hefur verið lögð útrásarlögn til framtíðarnota. Þessi meginregnvatnsútrás liggur í Tangavegi og út um þil á Tangabakka. Þessi útrás safnar saman regnvatni af nánast öllu vestursvæði á Grundartanga og af lóð Elkem Ísland ehf. Affall rotþróa á hverri lóð er einnig tengt inn á þessa lögn. Tvöfalt fráveitukerfi er lagt í allar götur á Grundartanga til framtíðarnota.

8. Rætt hefur verið við Elkem Ísland ehf. um breytingar á notkun vatns þannig að dregið verði úr notkun á hreinu neysluvatni sem fari til kælingar. Jákvætt hefur verið tekið í umræðu um að þróun verði í þessa átt og í auknum mæli horft til „iðnaðarvatns“ sem kælivökva, ef ekki er unnt að nota sjó til kælingar.

Þegar á heildina er litið er Grundartangi eitt best vaktaða svæði landsins og ýmislegt verið gert í umhverfismálum þó svo að fjöldi verkefna séu framundan. Mikilvægt er að heildarsýn á þessi verkefni sé fyrir hendi og stefna sem unnið er eftir. Að auki má benda á að Umhverfisstofnun er orðin virkari í eftirliti og athugasemdum vegna starfsleyfisskyldrar starfsemi á svæðinu.

Umhverfismál hafa verið vaxandi þáttur í starfsemi Faxaflóahafna sf. og verða það áfram á komandi árum.




# Tölfræði

Helstu tölur varðandi flutninga, afla og skipakomur sýna að vöruflutningar hafa aukist og tekjur af vörugjöldum vaxið um 11% á milli ára. Skipakomum fjölgaði lítillega á milli ára. Flutningar í tonnum talið jukust um 4%, en fjöldi gámaeininga jókst úr 261.700 TEU í 277.629 TEU, sem er 6% aukning. Þessar tölur bera með sér að samsetning flutninganna hafi verið að breytast og aukin flutningur gáma og hækkun á tekjum hafnar þýði að innflutningur á almennum varningi fari vaxandi. Heildarafli ársins 2015 var eilítið minni en árið 2014.

**Vöruflutningar um hafnir Faxaflóahafna sf.** (tonn)




Á árinu 2015 komu alls 1.447 skip yfir 100 brt. til Faxaflóahafna sf. og er það fjölgun á milli ára um 41 skip. Veruleg aukning hefur orðið á síðustu árum í fjölda brúttótonna m.a. vegna komu stærri skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur. Brúttótonnafjöldi skipa á árinu 2015 var 9.233 milljónir tonna.

**Þróun landaðs afla hjá Faxaflóahöfnum frá 2009 til 2015 er eftirfarandi** (tonn)**:**

| Afli | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 107.414 | 112.988 | 125.492 | 117.489 | 126.586 | 131.246 | 117.779 |
| Akranes | 24.833 | 34.717 | 34.216 | 46.359 | 28.610 | 21.884 | 28.839 |
| Alls | 132.247 | 147.705 | 159.708 | 163.848 | 155.196 | 153.130 | 146.618 |











Ágæt þróun hefur átt sér stað á síðustu árum varðandi komur skemmtiferðaskipa, en komum þeirra hefur fjölgað og farþegum fjölgað auk þess sem þau skip sem koma nú til Íslands eru stærri en áður. Útlit er fyrir að þessi þróun haldi áfram.

Í lok árs 2015 voru 67 fastráðnir starfsmenn hjá Faxaflóahöfnum sf. Að teknu tilliti til sumarafleysinga og sumarstarfa í Bækistöð eru ársstörf innan fyrirtækisins um 74.

| Störf | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|
| Hafnarþjónusta | 32 | 32 | 32 |
| Bækistöð | 13 | 13 | 13 |
| Tæknideild | 3 | 3 | 3 |
| Skrifstofa | 12 | 13 | 12 |
| Fasteignir | 2 | 2 | 2 |
| Siglingavernd – Umhverfismál | 1 | 1 | 5 |
| Alls | 63 | 64 | 67 |

Ástæða er til að færa starfsfólki Faxaflóahafna sf. þakkir fyrir vel unnin störf og hlutdeild þeirra í ágætum árangri árið 2015.




## Ýmis atriði

Á miðju ári 2015 var ákveðið að slíta samningi um öryggisgæslu á Grundartanga þar sem útlit var fyrir að komið gæti til verkfalls, sem stöðvað hefði flutninga um höfnina. Starfsmenn sem sinnt hafa öryggisgæslu á svæðinu voru ráðnir beint til Faxaflóahafna sf. og gengið frá kjarasamningi við stéttarfélag þeirra. Með þessu var komið í veg fyrir lokun hafnarinnar.

Í nóvembermánuði sökk sanddæluskipið Perla í Gömlu höfninni. Viðbúnaður vegna þess var talsverður, en um miðjan mánuðinn tókst að ná skipinu aftur á flot. Reyndi þar verulega á viðbragðsáætlun Faxaflóahafna sf. og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, en reynslan varð sú að hvor tveggja virkaði eins og til var ætlast. Atvikið sýndi hins vegar mikilvægi þess að vera með skilvirka áætlun því ávallt má búast við atvikum sem reyna á starfsfólk Faxaflóahafna sf. og samstarfsaðila þeirra.

Hátíð hafsins var haldin með hefðbundnum hætti í byrjun júnímánaðar og voru sérstakir gestir hafnarinnar áhöfnin á Westward Ho, en Faxaflóahafnir sf. eru aðilar samnings við Þórshöfn í Færeyjum um siglingu kúttersins til Íslands þriðja hvert ár.

Á árinu 2015 voru lagðar fram hugmyndir um hvernig megi bæta móttöku farþega skemmtiferðaskipa og farþega hvalaskoðunarbáta, en farþegum beggja atvinnugreina hefur fjölgað verulega síðustu ár. Unnið verður að frekari útfærslu hugmynda um nauðsynlegar framkvæmdir, en stjórn Faxaflóahafna sf. hefur ákveðið að frá og með árinu 2018 verði hafin innheimta farþegagjalds til að standa undir þeim aðstöðubótum sem nauðsynlegar eru.







## Niðurlag

Tekjur og efnahagur íslenskra hafna er ekki mjög stór miðað við þau verkefni sem höfnunum er ætlað að leysa. Hlutur Faxaflóahafna sf. í heildartekjum hafna er nærri 40% og höfnin sú langstærsta á Íslandi. Allt frá upphafi hafnargerðar í Reykjavík árið 1913 hefur Reykjavíkurhöfn og nú Faxaflóahafnir sf. haft þá sérstöðu á Íslandi að vera langöflugasta flutningahöfn landsins og ein mikilvægasta verstöð þess. Vöxtur þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu hefur vissulega skapað þessa sérstöðu, en segja má að ef ekki hefði notið við framsýni í þróun og uppbyggingu hafnarsvæða gæti myndin verið önnur en við þekkjum í dag.

Við göngum stundum út frá því sem vísu að greiðir flutningar til og frá landinu séu sjálfsagður hlutur en fjöllum minna um nauðsyn þess að horfa til langrar framtíðar varðandi þá aðstöðu sem nauðsynlegt er að skapa svo hornsteinar



samgangna þjóni sínu hlutverki. Þó svo að samgöngusaga Íslands nái aftur til daga landnáms þá er saga þjóðarinnar í uppbyggingu samgöngumannvirkja fremur stutt og spannar rétt um 100 ár. Á þeim tíma hefur uppbyggingin verið hröð og öll miðast að því að styrkja innviði landsins, sem hefur tekist bæði á legi og lofti. Ísland býr nú að samgöngukerfi við útlönd sem er forsenda hagvaxtar, nýsköpunar og þróunar.

Eigendur Faxaflóahafna sf. stigu skref til framtíðar með stofnun fyrirtækisins og sameiningu hafnarsvæða frá Reykjavík að Borgarbyggð. Innan vébanda þess eru nú fjögur öflug hafnarsvæði, sem hvert um sig hefur þó ákveðna sérstöðu og möguleika. Þróun þeirra tækifæra sem við blasa eru þó háðar ýmsum forsendum, en ekki síst þeim að Faxaflóahafnir sf. séu fjárhagslega í stakk búnar að fylgja eftir þeim verkefnum sem ákveðið er að fara í hverju sinni. Úrlausn þeirra verkefna skilar síðan eigendum þess og nágrannabyggðum þeim ávinningi sem sjá má að hefur skilað sér á liðinni öld fyrir verk og framsýni þeirra sem héldu þá um stjórnvölinn.

Það er rauður þráður sögunnar að öflugt samgöngukerfi og flutninganet eru grundvöllur þeirra lífsgæða sem krafa er gerð um hverju sinni og því er augljóst að Faxaflóahafnir sf. hafa stóru hlutverki að gegna í þeim efnum. Á grundvelli trausts efnahags og markvissrar stefnu til lengri tíma hafa Faxaflóahafnir sf. alla burði til að sinna tilætluðu hlutverki sínu og skila samfélaginu þeim ávinningi sem öflug hafnarstarfsemi hefur ávallt skilað.

Reykjavík, 8. apríl 2016
Kristín Soffía Jónsdóttir, *formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.*
Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*


Reykjavíkurhöfn
Landgerð 1900–2030
Grundartangi
Gamla höfnin
Skýringar
Mörk hafnarsvæða
Strandlína 1900
Upprunalegt land
Landfylling til 2015
Væntanleg landfylling
Upprunalegt land: 79,2 ha
Fylling til 2015: 156,8 ha
Framtíðarfylling: 12,8 ha
Alls: 248,2 ha


Akranes
Borgarnes
Sundahöfn
Gufunes
Ártúnshöfði




# Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2015 (í tonnum)

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Innflutningur** | | | | | | | |
| Olía | 452.345 | 365.080 | 374.154 | 342.297 | 372.697 | 352.874 | 392.002 |
| Vörur til stóriðju | 994.166 | 1.042.311 | 1.110.674 | 1.092.338 | 1.200.342 | 1.131.419 | 1.219.387 |
| Bifreiðar | 3.580 | 5.598 | 9.885 | 14.832 | 15.404 | 20.633 | 31.470 |
| Byggingavörur | 67.800 | 67.305 | 69.394 | 69.928 | 71.413 | 79.489 | 89.768 |
| Laust korn | 25.130 | 57.855 | 74.569 | 75.107 | 72.320 | 82.571 | 53.821 |
| Ýmsar vörur | 456.222 | 396.341 | 463.669 | 465.674 | 491.047 | 545.193 | 619.757 |
| | 837.392 | 724.257 | 786.441 | 901.645 | 821.587 | 876.563 | 925.427 |
| | | | | | | | |
| **Útflutningur** | | | | | | | |
| Vörur frá stóriðju | 394.703 | 363.403 | 350.453 | 459.066 | 400.228 | 443.033 | 479.071 |
| Sjávarafurðir | 280.426 | 261.690 | 252.186 | 272.549 | 270.284 | 262.256 | 265.922 |
| Ýmsar vörur | 162.263 | 99.164 | 183.802 | 170.030 | 151.075 | 171.274 | 180.434 |
| | 837.392 | 724.257 | 786.441 | 901.645 | 821.587 | 876.563 | 925.427 |
| | | | | | | | |
| **Strandflutningar** | | | | | | | |
| Frá höfn | 182.386 | 123.131 | 95.734 | 15.254 | 9.755 | 6.121 | 43.562 |
| Til hafnar | 2.977 | 0 | 0 | 0 | 7.199 | 22.323 | 22.592 |
| | 185.363 | 123.131 | 95.734 | 15.254 | 16.954 | 28.444 | 66.154 |
| | | | | | | | |
| **Milliflutningar** | 64.720 | 34.938 | 36.116 | 51.711 | 79.350 | 80.219 | 50.072 |
| | | | | | | | |
| **Alls:** | 3.086.718 | 2.816.816 | 3.020.637 | 3.028.786 | 3.141.114 | 3.197.405 | 3.447.858 |
| | | | | | | | |
| **Dæld steinefni** | 361.680 | 204.000 | 203.000 | 116.780 | 209.950 | 266.000 | 275.961 |
| | | | | | | | |
| **Landaður afli** | 132.247 | 147.705 | 159.708 | 163.848 | 155.196 | 153.130 | 146.618 |
| | | | | | | | |
| **Alls:** | **3.580.645** | **3.168.521** | **3.383.345** | **3.309.414** | **3.506.260** | **3.616.535** | **3.870.437** |

## Innflutningur um hafnir Faxaflóahafna (í tonnum)




## Skipting innflutnings um hafnir Faxaflóahafna




## Fjöldi skipa um hafnir Faxaflóahafna

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flutningaskip | 451 | 420 | 424 | 448 | 503 | 486 | 490 |
| Tankskip | 145 | 135 | 125 | 128 | 141 | 116 | 123 |
| Farþegaskip | 80 | 77 | 68 | 82 | 80 | 91 | 108 |
| Rannsóknar- og varðskip | 82 | 83 | 73 | 93 | 70 | 56 | 79 |
| Togarar og fiskiskip | 711 | 753 | 742 | 685 | 634 | 625 | 609 |
| Önnur skip | 35 | 45 | 22 | 35 | 44 | 32 | 38 |
| **Samtals** | **1.504** | **1.513** | **1.454** | **1.471** | **1.472** | **1.406** | **1.447** |

## Gámaflutningar um hafnir Faxaflóahafna í gámaeiningum (TEU)

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Til hafnar** | | | | | | | |
| Hlaðnir | 72.421 | 77.489 | 82.833 | 89.207 | 92.582 | 102.537 | 110.890 |
| Tómir | 24.018 | 19.019 | 19.620 | 22.699 | 31.589 | 29.632 | 27.006 |
| | 96.439 | 96.508 | 102.453 | 111.906 | 124.171 | 132.169 | 137.896 |
| | | | | | | | |
| **Frá höfn** | | | | | | | |
| Hlaðnir | 62.535 | 60.665 | 61.213 | 63.848 | 66.781 | 72.025 | 72.108 |
| Tómir | 34.842 | 35.605 | 36.184 | 44.764 | 50.905 | 57.538 | 67.625 |
| | 97.377 | 96.270 | 97.397 | 108.612 | 117.686 | 129.563 | 139.733 |
| | | | | | | | |
| **Samtals** | | | | | | | |
| Hlaðnir | 134.956 | 138.154 | 144.046 | 153.055 | 159.363 | 174.562 | 182.998 |
| Tómir | 58.860 | 54.624 | 55.804 | 67.463 | 82.494 | 87.170 | 94.631 |
| | **193.816** | **192.778** | **199.850** | **220.518** | **241.857** | **261.732** | **277.629** |

**Þjóðerni og fjöldi farþega skemmtiferðaskipa sem fara um hafnir Faxaflóahafna**

| Land | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þýzkaland | 22.119 | 20.604 | 20.841 | 21.404 | 25.564 | 22.378 | 35.039 | 31.140 | 36.429 | 33.968 |
| USA | 15.383 | 5.528 | 8.531 | 15.774 | 10.917 | 10.695 | 14.400 | 15.337 | 18.425 | 18.443 |
| England | 7.550 | 17.265 | 17.537 | 16.987 | 13.859 | 13.536 | 22.754 | 28.944 | 26.265 | 20.766 |
| Frakkland | 1.903 | 2.658 | 1.451 | 1.550 | 3.354 | 2.963 | 3.031 | 853 | 1.120 | 1.899 |
| Holland | 286 | 404 | 1.415 | 977 | 1.383 | 819 | 1.196 | 941 | 1.333 | 3.175 |
| Rússland | 1.559 | 238 | 531 | 243 | 264 | 257 | 330 | 215 | 388 | 373 |
| Kanada | 560 | 874 | 1.294 | 2.243 | 1.271 | 1.997 | 2.424 | 2.833 | 3.566 | 2.922 |
| Sviss | 805 | 607 | 1.035 | 947 | 931 | 1.315 | 1.608 | 1.290 | 1.571 | 2.322 |
| Austurríki | 547 | 616 | 743 | 862 | 965 | 1.127 | 1.389 | 1.191 | 1.424 | 1.424 |
| Belgía | 1.215 | 427 | 581 | 540 | 612 | 627 | 463 | 828 | 1.114 | 770 |
| Noregur | 492 | 275 | 50 | 69 | 68 | 102 | 209 | 280 | 787 | 651 |
| Ástralía | 170 | 370 | 455 | 499 | 625 | 1.041 | 2.468 | 1.693 | 2.876 | 4.254 |
| Ítalía | 595 | 1.031 | 1.296 | 1.336 | 2.192 | 1.270 | 1.093 | 823 | 1.626 | 1.801 |
| Spánn | 24 | 462 | 693 | 828 | 4.682 | 345 | 624 | 995 | 1.031 | 1.174 |
| Svíþjóð | 51 | 371 | 179 | 415 | 765 | 391 | 117 | 195 | 562 | 192 |
| Önnur Lönd | 1.964 | 1.799 | 2.676 | 4.193 | 2.681 | 3.810 | 4.809 | 4.854 | 6.299 | 6.007 |
| **Samtals** | **55.223** | **53.529** | **59.308** | **68.867** | **70.133** | **62.673** | **91.954** | **92.412** | **104.816** | **100.141** |
| | | | | | | | | | | |
| Ferðir | 74 | 76 | 83 | 80 | 74 | 67 | 81 | 80 | 91 | 108 |
| Meðaltal | 746 | 704 | 715 | 861 | 948 | 935 | 1.135 | 1.155 | 1.152 | 927 |

**Landaður afli í Reykjavík 2014 og 2015 (tonn)**




**Landaður afli á Akranesi 2014 og 2015 (tonn)**






Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

# Ársreikningur Faxaflóahafna sf. 2015



# Skýrsla og áritun hafnarstjórnar og hafnarstjóra

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins um 964 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok árs nam um 12.595 millj. kr., en nam um 11.804 millj. kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins mun á aðalfundi gera tillögu um arðgreiðslu til eigenda en að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá Faxaflóahöfnum sf. voru að jafnaði 74 og launagreiðslur félagsins námu um 637 millj.kr. á árinu.

**Eignarhlutur eigenda Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 75,5551% |
| Akraneskaupstaður | 10,7793% |
| Hvalfjarðarsveit | 9,3084% |
| Borgarbyggð | 4,1356% |
| Skorradalshreppur | 0,2216% |

Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé félagsins.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*

Kristín Soffía Jónsdóttir

Líf Magneudóttir

S. Björn Blöndal

Eva Lind Þuríðardóttir

Hildur Sverrisdóttir

Ólafur Adolfsson

Jónína Erna Arnardóttir

Björgvin Helgason

# Áritun óháðs endurskoðanda

*Til stjórnar Faxaflóahafna sf.*

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð hafnarstjórnar og hafnarstjóra á ársreikningnum**

Hafnarstjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Hafnarstjórn og hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningur Faxaflóahafna sf. gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. febrúar 2016

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2015

| | Skýr | 2015 | Fjárhagsáætlun 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Vörugjöld | | 1.107.693 | 980.938 | 998.140 |
| Aflagjöld | | 253.204 | 190.000 | 227.189 |
| Skipagjöld | | 291.146 | 293.292 | 298.282 |
| Eignatekjur | | 797.369 | 770.518 | 780.374 |
| Hafnarþjónusta | | 453.615 | 431.359 | 446.606 |
| Siglingavernd | | 258.242 | 224.930 | 237.812 |
| Söluhagnaður eigna og aðrar tekjur | | 6.776 | 0 | 60.326 |
| | | 3.168.044 | 2.891.037 | 3.048.729 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Hafnarvirki | | 488.541 | 508.639 | 429.069 |
| Eignagjöld | | 334.106 | 371.457 | 340.981 |
| Hafnarþjónusta | | 439.280 | 437.769 | 403.455 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 303.441 | 312.793 | 282.412 |
| Siglingavernd | | 222.065 | 195.127 | 184.431 |
| Afskriftir | 10 | 761.260 | 790.000 | 764.003 |
| | | 2.548.694 | 2.615.785 | 2.404.352 |
| Hagnaður fyrir fjármagnsliði | | 619.350 | 275.252 | 644.377 |
| **Fjármagnsliðir** | | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og arður | 2 | 62.929 | 47.930 | 54.536 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | 2 | ( 64.605 ) | ( 77.493 ) | ( 54.481 ) |
| | | ( 1.676 ) | ( 29.563 ) | 55 |
| **Óreglulegir liðir** | 18 | | | |
| Hagnaður vegna sölu á landi | | 346.292 | 0 | 0 |
| Hagnaður ársins | 15 | 963.966 | 245.689 | 644.432 |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir og lóðir | | 3.229.246 | 3.706.556 |
| Hafnir og mannvirki | | 6.563.543 | 6.490.580 |
| Gatnakerfi | | 1.001.083 | 890.444 |
| Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki | | 230.987 | 265.893 |
| | 4,10 | 11.024.859 | 11.353.474 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 5,12 | 177.630 | 176.644 |
| Langtímakröfur | 6,13 | 577.540 | 169.310 |
| | | 755.170 | 345.954 |
| Fastafjármunir samtals | | 11.780.029 | 11.699.428 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | 13 | 193.009 | 354.910 |
| Viðskiptakröfur | 7 | 222.369 | 308.021 |
| Aðrar kröfur | | 11.502 | 11.762 |
| Handbært fé | | 1.735.023 | 842.421 |
| Veltufjármunir samtals | | 2.161.903 | 1.517.113 |
| **Eignir samtals** | | 13.941.932 | 13.216.541 |



*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 15 | 12.594.962 | 11.803.996 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | 16 | 881.565 | 958.799 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 96.364 | 152.652 |
| Viðskiptaskuldir | | 251.405 | 192.834 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 117.637 | 108.261 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 465.405 | 453.746 |
| Skuldir samtals | | 1.346.970 | 1.412.545 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 13.941.932 | 13.216.541 |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

# Sjóðstreymi ársins 2015

| | 2015 | *Fjárhagsáætlun* 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | | |
| Hagnaður ársins | 963.966 | 245.689 | 644.432 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | ( 350.062 ) | 0 | ( 53.134 ) |
| Afskriftir | 761.260 | 790.000 | 764.003 |
| Verðbætur og gengismunur langtímalána | 24.587 | 22.776 | 13.778 |
| Verðbætur hlutafjáreignar | ( 987 ) | 0 | ( 505 ) |
| Verðbætur langtímakrafna | ( 16.132 ) | 0 | ( 16.063 ) |
| | 1.382.632 | 1.058.465 | 1.352.512 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | 85.912 | 0 | ( 38.716 ) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 67.946 | 0 | ( 8.302 ) |
| | 153.858 | 0 | ( 47.018 ) |
| Handbært fé frá rekstri | 1.536.490 | 1.058.465 | 1.305.493 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 931.837 ) | ( 1.200.000 ) | ( 1.014.353 ) |
| Sala varanlegra rekstrarfjármuna | 350.717 | 0 | 53.913 |
| Lóðasala (lóðaúthlutun) | 498.537 | 450.000 | 270.176 |
| Veitt skuldabréfalán | ( 616.212 ) | ( 336.461 ) | ( 200.309 ) |
| Afborganir langtímakrafna | 386.014 | 362.000 | 88.613 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 312.781 ) | ( 724.461 ) | ( 801.961 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddar afborganir langtímalána | ( 158.108 ) | ( 270.291 ) | ( 376.992 ) |
| Greiddur arður | ( 173.000 ) | ( 173.000 ) | ( 173.000 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 331.108 ) | ( 443.291 ) | ( 549.992 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 892.602 | ( 109.287 ) | ( 46.460 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 842.421 | 842.421 | 888.881 |
| **Handbært fé í árslok** | 1.735.023 | 733.134 | 842.421 |

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna*

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

# Grænt bókhald Faxaflóahafna sf. 2015



# Yfirlýsing stjórnar

Upplýsingar í þessari skýrslu teljast eins réttar og þær geta orðið miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Tölurnar eru ýmist fengnar úr bókhaldi Faxaflóahafna, frá birgjum eða áætlaðar eftir bestu vitund þegar rauntölur liggja ekki fyrir.

Stjórn Faxaflóahafna samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2015.

**Reykjavík, 13. maí 2016**

S. Björn Blöndal, varaformaður

Líf Magneudóttir

Gunnar Alexander Ólafsson

Þórlaug Ágústsdóttir

Hildur Sverrisdóttir

Ólafur Adolfsson

Jónína Erna Arnardóttir

Björgvin Helgason




# Inngangur

Faxaflóahafnir starfa samkvæmt umhverfisstefnu og leggja áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá starfseminni og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfismálum. Umhverfisstefnan er birt í heild sinni á heimsíðu Faxaflóahafna.

Mikilvægir umhverfisþættir eru þeir þættir í starfsemi Faxaflóahafna sem hafa neikvæð og jákvæð áhrif á umhverfið. Faxaflóhafnir þekkja, vakta og stýra þessum þáttum og birta upplýsingar um árangurinn í grænu bókhaldi. Faxaflóahafnir birta upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum í grænu bókhaldi m.a. til að auka umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna.

Grænt bókhald inniheldur lykiltölur sem eiga við um átta mikilvæga umhverfisþætti í starfseminni, sem eru vaktaðir reglulega. Niðurstöður ársins 2015 eru bornar saman við árið 2014 til að meta þann árangur sem náðst hefur milli ára auk þess sem niðurstöður síðustu fimm ára má sjá á viðeigandi myndum.

Þeir umhverfisþættir sem voru vaktaðir árið 2015 eru:

- Raforka (notkun og sala)
- Heitt og kalt vatn (notkun og sala)
- Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda
- Pappírsnotkun á hvern starfsmann
- Úrgangur og spilliefni, bæði frá starfsemi Faxaflóahafna og annarrar starfsemi á hafnarsvæðinu ásamt úrgangi frá skipum
- Mengunaróhöpp sem eru tilkynningarskyld
- Dýpkun hafna og ráðstöfun dýpkunarefna
- Landfyllingar á hafnasvæðum

Faxaflóahafnir vakta einnig mánaðarlega magn saurgerla í sjó á alls tíu stöðum á hafnarsvæði Faxaflóahafna.

Það er einlægur vilji hafnastjórna að hjá Faxaflóahöfnum sé unnið markvisst að umbótum í umhverfismálum og að fylgst sé með frammistöðu í þeim málum.

# Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Faxaflóahafnir er sameignarfyrirtæki sem stofnað var árið 2004. Fyrirtækið er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar auk Skorradalshrepps. Fyrirtækið tók til starfa á árinu 2005 við sameiningu hafnanna í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi.

Rekstur fyrirtækisins felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Hafnarþjónustan rekur dráttarbáta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa. Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum. Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða. Í gegnum tíðina hefur verið unnið að landfyllingum í Reykjavík sem hafa skapað aukið landrými á athafnasvæði fyrirtækisins. Til þessara landfyllinga hefur verið nýtt það jarðefni sem fellur til við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Landfyllingar hafa einnig átt sér stað á Grundartanga og má ætla að umfang þeirra muni vaxa á komandi árum. Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins. Til viðbótar er rekið áhaldahús sem auk þess annast rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.

Í töflu 1 eru teknar saman almennar upplýsingar um fyrirtækið fyrir árin 2014 og 2015. Land Faxaflóahafna í Geldinganesi og Gufunesi var selt til Reykjavíkurborgar á árinu 2015. Við það fækkaði einnig lóðum í eigu Faxaflóahafna. Hafnarland á Grundartanga var endurreiknað á árinu og reyndist vera 664 ha að frádregnum tjörnum og vötnum. Mikil aukning var í fjölda minni skemmtiferðaskipa milli ára en hins vegar fækkaði farþegum um rúmlega fjögurþúsund og fimmhundruð milli áranna 2014 og 2015.



Tafla 1. **Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir árin 2014 og 2015**

| | | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|
| Starfsmenn Faxaflóahafna, starfsígildi | ársverk | 68 | 74 |
| Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna | fjöldi | 22 | 22 |
| Bátar í eigu Faxaflóahafna | fjöldi | 4 | 4 |
| Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta | | | |
| Gamla höfnin | ha / m | 62 / 3.594 | 62 / 3.674 |
| Sundahöfn | ha / m | 165 /2.501 | 166 /2.501 |
| Ártúnshöfði, Eiðsvík og Gufunes | ha / m | 98 / 196 | 8 / 102 |
| Grundartangi | ha / m | 700 / 640 | 664 / 746 |
| Akranes | ha / m | - / 1.324 | - / 1.284 |
| Borgarnes | ha / m | - / 61 | - / 61 |
| **Hafnarland og viðlegukantar alls** | **ha / m** | **1.025 / 8.316** | **900 / 8.368** |
| Lóðir í eigu Faxaflóahafna | ha | 348 | 322 |
| Húsnæði Faxaflóahafna, til eigin nota | | | |
| Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna | m² | 1.672 | 1.672 |
| Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í leigu | m² | 4.127 | 4.127 |
| Bækistöð, Gömlu höfninni | m² | 1.243 | 1.243 |
| Vigtarhús, Gömlu höfninni | m² | 93 | 93 |
| Vigtarhús Akranesi | m² | 32 | 32 |
| Hafnarhúsið Akranesi | m² | 211 | 211 |
| Þjónustuhús Skarfabakka | m² | 360 | 360 |
| **Húsnæði alls** | **m²** | **7.738** | **7.738** |
| Skipakomur (yfir 100 tonn) | | | |
| Skemmtiferðaskip og fjöldi farþega | fjöldi | 91 / 104.816 | 108 / 100.141 |
| Önnur skip | fjöldi | 1.315 | 1.338 |
| Flutningar | tonn | 3.491.441 | 3.723.819 |
| Gámaeiningar | TEU | 261.732 | 277.629 |

# Lykiltölur í grænu bókhaldi

## RAFORKA – NOTKUN OG SALA

Lykiltalan á við raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að nýta sem best raforku í byggingum. Auk þess er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs til að koma í veg fyrir að olía sé notuð til að keyra ljósavélar. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða.

Mynd 1. **Rafmagnssala til skipa og báta og raforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna árin 2011 til 2015. Sala rafmagns til skipa og báta minnkaði um 20% milli áranna 2014 og 2015 samanber mynd 1. Notkun rafmagns í húsnæði Faxaflóahafna minnkaði um 6% milli áranna.**

**Raforka – sala og notkun (kWst)**




Tafla 2. **Raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sala raforku til skipa og báta árin 2014 og 2015.**

| | **2014** | **2015** | **2014** | **2015** |
|---|---|---|---|---|
| | **kWst** | **kWst** | **kWst / m²** | **kWst / m²** |
| Raforkunotkun í byggingum | | | | |
| Bækistöð, Gömlu höfninni | 116.850 | 97.674 | 94 | 79 |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna | 349.355 | 326.914 | 60 | 56 |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna* | 100.728 | 94.258 | 60 | 56 |
| Hafnarhús á Akranesi | 13.748 | 10.488 | 65 | 50 |
| Heildarraforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna | 479.953 | 435.076 | – | – |
| Heildarraforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna | 231.326 | 202.420 | – | – |
| Rafdreifkerfi (rafmagn selt í skip og báta) | 5.418.512 | 4.322.044 | – | – |

**Áætluð notkun*

## HEITT OG KALT VATN – NOTKUN OG SALA

Lykiltalan á við notkun á heitu og köldu vatni í byggingum Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að draga úr óþarfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta sem best þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna og við sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnslekum sem geta átt sér stað frá lögnum.

Tafla 3. **Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árin 2014 og 2015.**

| | **2014** | **2015** | **2014** | **2015** |
|---|---|---|---|---|
| | **m³** | **m³** | **m³ / m³** | **m³ / m³** |
| Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna | | | | |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna | 18.961 | 21.745 | 0,9 | 1,0 |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna* | 5.468 | 6.271 | 0,9 | 1,0 |
| Bækistöð, Gömlu höfninni | 7.868 | 7.936 | 1,1 | 1,1 |
| Vigtarhús, Gömlu höfninni | 1.386 | 2.361 | 4,6 | 7,8 |
| Vigtarhús Akranesi | 249 | 391 | 2,0 | 3,1 |
| Hafnarhúsið Akranesi | 598 | 719 | 0,8 | 1,0 |

**Áætluð notkun*

## Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna ($m^3$)




Mynd 2. **Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóa-höfnum ( m³ ) árin 2011 til 2015.**

## Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna ($m^3/m^3$)




Mynd 3. **Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóa-höfnum ($m^3/m^3$) árin 2011 til 2015.**

Tafla 4. **Notkunarstuðull Orkuveitu Reykjavíkur fyrir heitavatnsnotkun í mismunandi tegundum húsnæðis.**

| **Tegund húsnæðis** | **$m^3/m^3$** |
|---|---|
| Verslunarhúsnæði | 0,6-0,8 |
| Skrifstofuhúsnæði | 0,5-0,8 |
| Iðnaðarhúsnæði | 0,4-1,0 |
| Lagerhúsnæði | 0,3-0,8 |

Tafla 5. **Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun árin 2014 og 2015.**

| | **2014** | **2015** |
|---|---|---|
| | **$m^3$** | **$m^3$** |
| Kalt vatn, innkaup fyrir bryggjur | 223.764 | 188.948 |
| Kalt vatn, sala í skip og báta | 72.070 | 71.743 |
| Hlutfall af seldu vatni | 32% | 38% |

## Kalt vatn – innkaup og sala ($m^3$)




Mynd 4. **Innkaup og sala á köldu vatni ($m^3$) árin 2011 til 2015.**

## Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna ($m^3$)




Mynd 5. **Kaldavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóa-höfnum ($m^3$) árin 2011 til 2015.**

Tafla 6. **Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árin 2014 og 2015.**

| | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| | $m^3$ | $m^3$ | $m^3/m^2$ | $m^3/m^2$ |
| Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna | | | | |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna | 1.834 | 2.710 | 0,2 | 0,5 |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna* | 529 | 781 | 0,3 | 0,5 |
| Hafnarhúsið Akranesi | 51 | 61 | 0,2 | 0,3 |
| Bækistöð, Gömlu höfninni | 190 | 321 | 0,2 | 0,3 |

**Áætluð notkun*

## ELDSNEYTISNOTKUN

Lykiltalan á við notkun eldsneytis (skipaolíu, dísil og bensín) fyrir ökutæki og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna en dísilolía og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa..

Tafla 7. **Eldsneytisnotkun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis árin 2014 og 2015.**

| | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| | L | L | kg $CO_2$ ígildi | kg $CO_2$ ígildi |
| Heildarnotkun skipaolíu | 179.514 | 188.183 | 480.559 | 503.766 |
| Heildarnotkun dísils (lituð og ólituð) | 35.615 | 36.304 | 95.836 | 96.690 |
| Heildarnotkun bensíns | 6.422 | 3.875 | 14.938 | 9.013 |
| **Alls** | – | – | **591.333** | **610.470** |
| Meðaltalseyðsla skipaolíu pr. vélatíma aðalvélar | 79,5 | 75,6 | | |
| Meðaltalseyðsla dísils pr. 100 km | 12,9 | 12,6 | | |
| Meðaltalseyðsla bensíns pr. 100 km | 8,5 | 8,5 | | |
| Stærð skóglendis (ha) | – | – | 134 | 139 |




Mynd 6. **Útstreymi gróðurhúsalofttegunda (kg $CO_2$ ígildi) vegna brennslu eldsneytis árin 2011 til 2015.**



## PAPPÍRSNOTKUN

Lykiltalan á við um notkun skrifstofupappírs. Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkunina þar sem alltaf eru notaðar einhverjar óendurnýjanlegar auðlindir og orka við framleiðslu, flutning og förgun pappírsins.




Mynd 7. **Notkun skrifstofupappírs árin 2011 til 2015.**

Tafla 8. **Notkun skrifstofupappírs árin 2014 og 2015.**

| | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | kg | kg | kg / starfsm. | kg / starfsm. |
| Skrifstofupappír (A4 blöð) | 125.000 | 95.000 | 600 | 475 | 8,8 | 6,6 |

## ALMENNUR ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

Lykiltalan á við myndun og meðhöndlun almenns úrgangs og spilliefna. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á ábyrgan hátt. Lykiltalan tekur bæði til úrgangs sem myndast í eigin starfsemi en einnig til úrgangs sem myndast á hafnarsvæðum hjá einstaklingum og í starfsemi annarra fyrirtækja, sem Faxaflóahafnir sjá um að safnað sé inn frá. Faxaflóahafnir hafa jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á tanka fyrir úrgangsolíu og standa fyrir hreinsunarátaksverkefnum á hafnarsvæðinu. Þessar aðgerðir hafa þó í för með sér að magn úrgangs sem skrifast á Faxaflóahafnir eykst.



Tafla 9. **Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árin 2014 og 2015.**

| | | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Úrgangstegundir** | **Meðhöndlun** | kg | kg |
| Gæðapappír | Endurvinnsla | 2.130 | 1.280 |
| Dagblöð og tímarit | Endurvinnsla | 1.470 | 1.200 |
| Bylgjupappi | Endurvinnsla | 1.356 | 1.317 |
| Blandaður úrgangur | Förgun | 9.277 | 8.681 |
| **Úrgangur alls** | - | **14.233** | **12.478** |

| **Meðhöndlun** | kg | % | kg | % |
|---|---|---|---|---|
| Úrgangur til förgunar | 9.277 | 65 | 8.681 | 70 |
| Úrgangur til endurvinnslu | 4.956 | 35 | 3.797 | 30 |

**Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, heildarmagn (kg)**




Mynd 8. **Almennur úrgangur allra aðila í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árin 2011 til 2015.**

**Úrgangur frá hafnarsvæði (kg)**




Mynd 9. **Úrgangur sem safnað var saman fyrir hafnarsvæði árin 2011 til 2015.**

Tafla 10. **Úrgangur sem safnað var saman fyrir hafnarsvæði árin 2014 og 2015.**

| | | Reykjavík | | Grundartangi | | Akranes | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **2014** | **2015** | **2014** | **2015** | **2014** | **2015** | **2014** | **2015** |
| **Úrgangstegundir** | **Meðhöndlun** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** |
| Blandaður úrgangur | Förgun | 21.261 | 20.531 | 13.680 | 11.740 | 16.270 | 14.350 | 51.211 | 46.621 |
| Bylgjupappi | Endurvinnsla | 6.920 | 6.750 | 0 | 0 | 75 | 75 | 6.995 | 6.750 |
| Grófur úrgangur | Förgun | 55.870 | 51.190 | 0 | 3.080 | 1.520 | 7.460 | 57.390 | 61.730 |
| Hjólbarðar til förgunar | Förgun | 163.520 | 52.302 | 0 | 0 | 0 | 0 | 163.520 | 52.302 |
| Málmar | Endurvinnsla | 25.840 | 19.210 | 0 | 0 | 0 | 180 | 25.840 | 19.390 |
| Gler og postulín | Förgun | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Timbur | Endurvinnsla | 9.920 | 9.690 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9.920 | 9.690 |
| Timbur, litað og blandað | Endurvinnsla | 13.580 | 22.820 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13.580 | 22.820 |
| WC úrgangur | Förgun | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Garðaúrgangur | Endurvinnsla | 2.360 | 1.760 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.360 | 1.760 |
| **Úrgangur alls** | **–** | **299.271** | **184.253** | **13.680** | **14.820** | **17.865** | **21.990** | **330.816** | **221.063** |
| **Meðhöndlun** | | % | % | % | % | % | % | % | % |
| Úrgangur til förgunar | | 80 | 67 | 100 | 100 | 100 | 99 | 82 | 73 |
| Úrgangur til endurvinnslu | | 20 | 33 | 0 | 0 | 0 | 1 | 18 | 27 |

Tafla 11. **Úrgangstegundir og magn sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum árin 2014 og 2015.**

| | | **2014** | **2015** |
|---|---|---|---|
| **Úrgangstegundir** | **Meðhöndlun** | **Magn** | **Magn** |
| Hjólbarðar | Endurvinnsla (þybbur) | 907 stk | 1.640 stk |
| Efni í flæðigryfjur frá stóriðju | Endurvinnsla (fyllingarefni) | 17.900 $m^3$ | 17.700 $m^3$ |
| Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum | Endurvinnsla (fyllingarefni) | 0 $m^3$ | 40.000 $m^3$ |

**Úrgangur – móttekinn og nýttur hjá Faxaflóahöfnum**

Ýmsar tegundir efna sem teljast til úrgangstegunda hjá einum aðila eru fyrirmyndar hráefni hjá öðrum. Dæmi um þetta eru slitnir hjólbarðar og fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum. Faxaflóahafnir taka á móti töluverðu magni af hjólbörðum á hverju ári sem notaðir eru í þybbur á bryggjur. Tekið var á móti 1.640 stk. af hjólbörðum árið 2015 sem notaðir voru í þybbur.

Faxaflóahafnir hafa á undanförnum árum tekið á móti töluverðu magni af fyllingarefnum og jarðvegi frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og á Grundartanga og nýtt sem fyllingarefni m.a. í hafnarframkvæmdir. Móttakan í Reykjavík tók á móti 40.000 m3 árið 2015 en var lokuð allt árið 2014.

Tafla 12. **Úrgangur og spilliefni frá skipum, fluttur frá borði árið 2015.**

| | | Reykjavík | Grundartangi | Akranes | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Úrgangstegundir** | **Meðhöndlun** | **m3** | **m3** | **m3** | **m3** |
| Blandaður úrgangur | Förgun | 2.836 | 208 | 232 | 3.276 |
| Spilliefni | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skólp | | 236 | 0 | 0 | 236 |
| Úrgangsolía og olíumengaður sjór | | 1.259 | 66 | 0 | 1.325 |
| **Spilliefni alls** | | **4.331** | **274** | **232** | **4.837** |

Tafla 13. **Úrgangsolía og önnur spilliefni safnað saman á hafnarsvæði árin 2014 og 2015.**

| | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| | **Úrgangsolía [ltr.]** | **Úrgangsolía [ltr.]** | **Önnur spilliefni [kg]** | **Önnur spilliefni [kg]** |
| Reykjavíkurhöfn | 7.090 | 5.200 | 1.649 | 1.487 |
| Akraneshöfn | 420 | 0 | 100 | 0 |
| Grundartangahöfn | 0 | 0 | 55 | 0 |
| **Spilliefni alls** | **7.510** | **5.200** | **1.804** | **1.487** |






Mynd 10. **Spilliefni frá hafnarsvæðum (kg) árin 2011 til 2015.**

## MENGUNARÓHÖPP

Lykiltalan á við um mengunaróhöpp á hafnarsvæði, þar sem olía eða önnur mengandi efni berast í sjóinn, við bryggju og baksvæði þeirra. Ef magn mengandi efna er yfir 100 L ber að tilkynna það til Faxaflóahafna. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið, en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna.

Sex mengunaróhöpp voru tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu 2015. Um var að ræða tvö óhöpp vegna leka á gasolíu sem fór í sjóinn við áfyllingu, mest 200 l, auk minniháttar mengunaróhappa, sjá töflu 14.

Tafla 14. **Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna árin 2014 og 2015.**

| | 2014 | 2015 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn | Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn |
| Tilkynnt óhöpp á landi | 1 | 0 | 0,001 | 0 |
| Tilkynnt óhöpp á sjó | 0 | 6 | 0 | 0,006 |
| **Mengunaróhöpp alls** | **1** | **6** | **0,001** | **0,006** |

## DÝPKUN HAFNA

Lykiltalan á við um umfang dýpkunar hafna og mögulega nýtingu þess efnis sem verður til við dýpkun þeirra. Dýpkun hafna getur krafist þess að fjarlægja þurfi mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Ávinningur við notkun dýpkunarefna til landgerðar er töluverður ef um tiltölulega ómengað efni er að ræða þar sem efnistaka og efniskaup sparast.

Tafla 15. **Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið árin 2014 og 2015.**

| | 2014 | 2015 |
|---|---|---|
| | $m^3$ | $m^3$ |
| Dýpkunarefni nýtt til landgerðar | 0 | 2.800 |
| Dýpkunarefni varpað í hafið | 54.292 | 6.400 |
| **Heildarmagn dýpkunarefnis** | **54.292** | **9.200** |

**Magn dýpkunarefnis ($m^3$)**




Mynd 11. **Magn dýpkunarefnis sem nýtt var til landgerðar og varpað í hafið árin 2011 til 2015.**

## LANDFYLLINGAR

Lykiltalan á við um landfyllingar sem eru hluti af stækkun hafnarsvæða og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess að breyta samsetningu þeirra jarðefna sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum).




Mynd 12. **Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting árin 2011 til 2015.**



Tafla 16. **Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notuð voru til landfyllingar árin 2014 og 2015.**

| | | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|
| | | Magn | Magn |
| Landsvæði til landfyllinga | ha | 0,7 | 1 |
| Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting | | | |
| Dýpkunarefni til landgerðar | $m^3$ | 0 | 0 |
| Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu | $m^3$ | 0 | 40.000 |
| Efni í flæðigryfjur frá stóriðju | $m^3$ | 17.900 | 17.700 |
| Fyllingarefni í útboðsverkum | $m^3$ | 59.000 | 26.500 |
| Keypt fyllingarefni úr námum í sjó | $m^3$ | 0 | 0 |
| **Heildarmagn efnis til landfyllinga** | **$m^3$** | **76.900** | **84.200** |


LANDHELGISGÆSLAN
1590
REYKJAVÍK




PIPAR\TBWA • SÍA